

Skjalnúmer	SS01	Höfundur	Mannauðsstjóri		
Útgáfa	04	Samþykkt	Framkvæmdastjórn	Dags:	14.10.2020

Jafnlaunastefna HSN

Stefna Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi og launasetningum innan stofnunar í umboði forstjóra sem ber endanlega ábyrgð á jafnlaunakerfinu. Mannauðsstjóri ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðsstjóri er verkefnastjóri innleiðingar jafnlaunavottunar og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi hennar í samræmi við staðalinn. Gæðastjóri hefur það hlutverk að uppfæra stefnur, verklagsreglur og annað sem tilheyrir jafnlaunakerfinu í gæðahandbók HSN.

Hlutverk framkvæmdastjórnar HSN í jafnlaunakerfinu er að móta stefnur sem tengjast jafnlaunakerfinu og rýna kerfið í heild sinni. Mannauðsstjóri skilar árlega skýrslu og leggur fyrir framkvæmdastjórn um jafnlaunakerfið, gæði þess og skilvirkni sem og tillögur að úrbótum á kerfinu. Launasetning starfsmanna fer fram hjá mannauðsdeild. Forstjóri og/eða einn framkvæmdastjóri koma að mati á launaröðun ef einhver frávik þarf að meta sérstaklega. Mannauðsstjóri staðfestir allar launaraðanir í umboði forstjóra.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur stofnunin sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Stofnunin viðhefur ákveðið verklag og hefur skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Til þess að rýna jafnlaunamarkmið eins og jafnlaunastaðall gerir kröfu um verður útbúið sérstakt jafnlaunaapp í forritinu Qlik Sense þar sem æðstu stjórnendur geta fylgst með því hvort stofnunin nái jafnlaunamarkmiðum sínum.

Markmið HSN er að óútskýrður launamunur kynja sé ekki meiri en 2%.

Til þess að ná því markmiði mun Heilbrigðisstofnun Norðurlands:

- Leggja vinnu í að fá jafnlaunavottun og viðhalda henni.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum, stofnanasamningum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítinu á fundi framkvæmdastjórnar.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum HSN. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef stofnunar.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu HSN.